

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárpings eystra 2003-2015, jarðstrengur og ljósleiðari, sæstrengur og iðnaðarsvæði, rafstrengur, vatnsveitulögn og efnistaka.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 12. febrúar 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Rangárpings eystra 2003-2015 frá 20. október 2005.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Lagningu jarðstrengs og ljósleiðara meðfram Þjóðvegi 1 milli Hvolsvallar og Hellu.
2. Lagningu tveggja sæstrengja sem land taka í landi Hallgeirseyjar.
3. Landnotkunarbreytingu á 0,25 ha landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði (Q2) undir landtökustöð fyrir sæstrengi.
4. Lagningu ljósleiðara suð-austur um Landeyjarsand sem tengist þar ljósleiðara sem fyrir er.
5. Lagningu tveggja rafstrengja frá Bakka til Vestmannaeyja.
6. Vatnsveitulögn milli Hvolsvallar og Hvítaness.
7. Nýju efnistökusvæði á Seljalandsheiði (N43).
8. Breyttri afmörkun hverfisverndarsvæðis (H9).
9. Leiðréttingu á legu vatnsveitu og fjarskiptastrengs í Bakkafjöru til samræmis við mælingar.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 12. febrúar 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.